

REGLUGERÐ

um aðstoðarmannakort fatlaðs fólks.

1. gr. Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um útgáfu og notkun samræmdra aðstoðarmannakorta fyrir fatlað fólk. Kortin eru skilríki sem sveitarfélög gefa út til fatlaðs fólks frá 15 ára aldri, á grundvelli mats á stuðningsþörf viðkomandi. Aðstoðarmannakort eru gefin út í þeim tilgangi að staðfesta að handhafi kortsins eigi að geta notið aðstoðar við þátttöku í viðburðum á vegum ríkis og sveitarfélaga, án þess að greiða þurfi aðgangseyri sérstaklega fyrir aðstoðarmanninn. Sama gildir um þjónustu sem ríki eða sveitarfélög veita gegn greiðslu aðgangseyris.

2. gr. Markmið.

Markmið með reglugerð þessari er að stuðla að auknu jafnrétti í þjónustu við fatlað fólk og tryggja að fatlað fólk geti sótt viðburði og þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga til jafns við aðra, án þess að þurfa að greiða aðgangseyri vegna aðstoðarfólks. Kortið skal gilda fyrir alla handhafa á landsvísu, óháð búsetu.

3. gr. Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

- Handhafi aðstoðarmannakorts:** Fatlaður einstaklingur, 15 ára og eldri, sem hefur fengið útgefið aðstoðarmannakort á grundvelli mats á stuðningsþörf.
- Aðstoðarmaður:** Einstaklingur, ráðinn til starfs sem unnið er í þágu lögákveðinnar félagsþjónustu við fatlað fólk.
- Aðstoðarmannakort:** Samræmt skilríki sem sveitarfélag gefur út til fatlaðs einstaklings og staðfestir að hann eigi að geta notið aðstoðar við þátttöku í viðburðum og aðgang að þjónustu hjá ríki og sveitarfélögum.
- Þjónusta á vegum ríkis og sveitarfélaga:** Þjónusta sem opinberir aðilar, þ.e. ríki og sveitarfélög, bjóða upp á gegn greiðslu aðgangseyris og er aðgengileg íbúum landsins t.a.m. samgöngur, sundlaugar, leikhús, söfn, skíðasvæði, tjaldsvæði.
- Viðburðir á vegum ríkis og sveitarfélaga:** Viðburðir sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á gegn greiðslu aðgangseyris og aðgengilegir eru íbúum landsins, þ.m.t. tónlistarviðburðir, listviðburðir og aðrir menningarviðburðir.

4. gr. Ábyrgð.

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og kostnaði vegna útgáfu aðstoðarmannakorta.

5. gr. Aðstoðarmannakort.

Sveitarfélag gefur út samræmt aðstoðarmannakort til handhafa. Kortið staðfestir að handhafi eigi að geta notið aðstoðar aðstoðarmanns við þátttöku í viðburðum á vegum ríkis og sveitarfélaga og við

nýtingu opinberrar þjónustu, án þess að greiða þurfi aðgangseyri fyrir aðstoðarmann. Gæta skal þess að aðstoðarmannakort sé á aðgengilegu formi sem hentar handhafa, eftir því sem við á. Kortið skal vera í vörslu handhafa og einungis gilda fyrir starfsfólk sem starfar sem aðstoðarfólk í þjónustu við fatlað fólk. Kortið er ekki bundið tilteknum aðstoðarmanni en gildir hverju sinni fyrir þann starfsmann sem fylgir handhafa þegar hann nýtir þjónustu eða sækir viðburð á vegum ríkis eða sveitarfélaga.

Handhafi skal ekki bera viðbótarkostnað vegna aðstoðarmanns, svo sem vegna aðgangseyris fyrir aðstoðarmann. Handhafi greiðir fyrir sig sjálfan, þar sem við á.

Sveitarfélag ákveður, á grundvelli metinna stuðningsþarfa viðkomandi, hvort skilyrði séu fyrir útgáfu aðstoðarmannakorts. Matið skal vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun. Aðstoðarmannakortið kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem handhafi kortsins nýtur samkvæmt notendasamningi eða samningi um notendastýrða persónulega aðstoð, og breytir ekki umfangi þeirrar þjónustu.

6. gr.

Gildistími, endurnýjun og afturköllun

Aðstoðarmannakort skal gefið út til tiltekins tíma, að hámarki fimm ára í senn. Heimilt er að endurnýja kortið að loknum gildistíma, samkvæmt endurnýjuðu mati á stuðningsþörf handhafa kortsins. Sveitarfélagi er heimilt að afturkalla aðstoðarmannakort ef forsendur fyrir útgáfu þess eru ekki lengur fyrir hendi, svo sem ef stuðningsþarfir handhafa hafa breyst.

7. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglugerð þessi sem er sett með stoð í 4. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu xxxx 2026.

Ragnar Þór Ingólfsson
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir